

Sp.

535. Fyrirspurn

[289. mál]

til landbúnaðarráðherra um nýframkvæmdir í landbúnaði s.l. sex ár.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hve miklar hafa framkvæmdir í landbúnaði verið hvert einstakt ár á tímabilinu 1980–1985 í hverju kjördæmi skipt í eftirgreinda þætti:
 - a. fjósbyggingar, í m³,
 - b. fjárhúsbyggingar, í m³,
 - c. nýrækt túna, í ha.,
 - d. vinnslu lands vegna grænifóðurræktar, í ha.,
 - e. skurðgröft, í km³,
 - f. nýbyli?
2. Hve stóran hluta ofangreindra framkvæmda hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins samþykkt áður en þær voru hafnar?
3. Hve miklum fjárhæðum hafa annars vegar styrkveitingar úr ríkissjóði og hins vegar lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins numið til einstakra framkvæmdaþátta skv. 1. lið, a–f, á verðlagi í jan. 1986?
4. Hve margir nýir ábúendur hafa byrjað búskap á ríkisjörðum á hverju ári á tímabilinu 1980–1985?
5. Hversu margar mjólkandi kýr voru í landinu að meðaltali á hverju ári á tímabilinu 1980–1985?

Skriflegt svar óskast.